

## Helena Stefánsdóttir

---

**Frá:** Kristinn Gylfi Jónsson <kristinn@afmark.is>  
**Sent:** 29. október 2018 14:32  
**Til:** USK Skipulag  
**Afrit:** Björn Ingi Edvardsson; 'Einar Ingimarsson'; 'Gunnlaugur Johnson'; 'Kristinn Gylfi Jónsson'  
**Efni:** Breyting/leiðrétting á hámarksveggghæð útveggja vegna áður framkominna breytinga á deiliskipulagi atvinnusvæðis í Sætún 1 Kjalarnesi 116 Reykjavík.  
**Viðhengi:** Kjalarnes ehf. Sætún 1 08-Sætún I dskbreyting A2 291018 breyting hámarkshæð langhliða 6 m..pdf

Góðan dag og sælar,

Vegna breytinga á deiliskipulagi fyrir atvinnusvæði í Sætúni 1 á Kjalarnesi sem er í vinnslu og við það að fara í auglýsingu hjá borginni að þá hefur komið í ljós að Kjalarnes ehf. ætlaði að miða hámarksveggghæð útveggja á atvinnuhúsnæði við 6 m. en ekki 4 m. eins og var við breytingu á deiliskipulagi árið 2016 þegar til stóð að byggja mjög breytt hús á heildarlóðinni sem nú stendur til að skipta í tvennt.

Til að laga og leiðrétta þetta hefur því verið gerð sú breyting skv. meðfylgjandi deiliskipulagsupprætti fyrir Sætún 1 að í texta er varðar lóðir fyrir atvinnustarfsemi kemur fram að hámarksveggghæð langhliða verði 6 m. en ekki 4 m. eins og áður. Allt annað er óbreytt.

Óskar eftir að beiðni um breytingu á deiliskipulags atvinnusvæðisins í Sætún 1 verði lögð fyrir að nýju með þessari einu breytingu er fram kemur í meðfylgjandi upprætti.

Virðingarfyllst og með bestu kveðjum,

Kjalarnes ehf.  
Kristinn Gylfi Jónsson framkvstj.  
GSM 892-3067